

Orðsending frá ferðanefnd í **Félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit**

til íbúa sveitarinnar 60 ára og eldri.

Tilraun verður gerð til að fara í Þeistareykja ferðina sem ekki komst á í fyrrahaust, einhvern daginn frá septemberbyrjun og fram eftir mánuðinum. Veðurhorfurnar eru svo óljósar að ekki er hægt að hafa tímasetningu nákvæmari en þá en við grípum dag með litlum fyrirvara eins og í fyrri haustferðum okkar. Áætlað er að fara af Þjóðvegi á Hólasandi og aka norður með Gæsafjöllum, helst að ná bæði Gjástykki og Vitunum.

Viðdvöl verður svo á Þeistareykjum, boðið upp á veitingar sem ferðanefndin og Fjallasýn sjá um.

Hver og einn hefur með sér kaffi og meðlæti eftir þörfum, við finnum okkur „laut við læk“ eins og stendur einhversstaðar, og fáum okkur sopa.

Síðan ekið til Húsavíkur og hringnum lokað.

Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 2. september til:

Aðalbjargar í síma 464 3121 / 898 0621 eða

Sigurborgar og Baldvins í síma 464 3604 / 867 7151

Hringt verður í þá sem skrá sig þegar málin skírast.

Haustferðanefndin



Opið í Heiðarbæ

1 – 10. September

Sundlaug og grill kl. 17:00 - 21:00

Afgreiðslan opin til 22:00

Sundlaug - tjaldstæði – gisting

Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn

Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903

Skilatími í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum*

og því rennur skilafrestur auglýsinga út **á þriðjudögum**

kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálf síðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk

DALAKOFINN

Þann 1.september n.k eru 2 ár liðin frá því við
keyptum Dalakofann.

Af því tilefni bjóðum við uppá kaffi og vöflur þann
dag frá kl. 15 til 17. Þökkum fyrir þessi 2 ár og
hlökkum til að takast á við veturinn.

Við viljum þjónusta nærsamfélagið eins
vel og við getum.

Opið verður alla daga í september frá kl. 10 – 20
Á facebooksíðu Dalakofans kemur fram hvað er í
matinn á virkum dögum og hvaða leikir verða sýndir
á breiðtjaldi.

Verið ávallt velkomin.

Halli Bó og fjölskylda

Dalakofinn / Útibú ehf.

s. 464-3344

Íþróttahúsið á Laugum - Tímar fyrir almenning

Eftirfarandi tímar eru lausir til leigu í íþróttahúsinu á Laugum í vetur:

Mánudagar: 18:00 - 19:00 1/1 salur

Þriðjudagar: 18:00 - 19:00 1/1 salur og 19:00 - 20:00 1/1 salur

Miðvikudagar: 18:00 - 19:00 1/2 salur og 19:00 - 20:00 1/1 salur og 20:00 - 21:30 1/1 salur

Almenningur getur síðan mætt í eftirfarandi tíma sér til heilsubóta með því að kaupa sér kort í íþróttahúsið, ýmist 10 tíma eða meira:

Mánudagar: kl. 16:00 - 17:00 - Opinn tími 1/2 salur

Miðvikudagar: kl. 17:00 - 18:00 - Hnit (Badminton) 1/2 salur

Einnig er öllum opið að koma í tímuna „Þrek og tár“ sem eru þrekkímar fyrir nemendur FL. Þjálfara verða Unnur Ingólfssdóttir, Hrannar Guðmundsson og Hnikarr Jónsson. Þeir eru á eftirfarandi tímum:

Mánudagar: kl. 17:00 - 18:00 - Unnur

Þriðjudagar: kl. 16:00 - 17:00 - Hrannar

Fimmtudagar: kl. 16:00 - 17:00 - Hnikarr

Íþróttahús Framhaldsskólans á Laugum.

Goðafossmarkaður EHF

Handverkskonur milli heiða.

Vörumóttaka

Þriðjudaginn 3. september kl. 17-20

G.V. nefndin.

34.tbl.
29. sept
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Sumaraftan

Eigum saman kvöldstund í kirkju þar sem flutt verður í tali og tónum dagskrá sem haldin er uppi af tónlist eftir þingeysku tónskáldin: Áskel Jónsson, Pál H Jónsson, Friðrik Jónsson og Björgu Björnsdóttur. Sr. Sunna Dóra Möller flytur hugleiðingar á milli tónlistaratriða, þar sem sótt er í efni um: Trú von og kærleik.

Um tónlistarflutning sjá:

Dagný Pétursdóttir, Kristín María Hreinsdóttir,
Hrund Hlöðversdóttir, Margrét Snorradóttir ásamt
Daníel Þorsteinsyni á orgel/piano.

Þorgeirskirkja 31. ágúst kl. 20:30

Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við inngang í Tónlistarsjóð Þorgeirskirkju.

<http://sumaraftan.tumblr.com/>